

***Reglur Grímsnes- og Grafningshrepps um afslátt á
leikskólagjöldum til einstæðra foreldra.***

1. Grímsnes- og Grafningshreppur veitir einstæðu foreldri 20% afslátt af leikskólagjöldum barns/barna. Afsláttur er aðeins af grunngjaldi en ekki af fæði.
2. Sækja þarf um afsláttinn á skrifstofu sveitarfélagsins á þar til gerðum eyðublöðum. Vottorð um hjúskaparstöðu frá þjóðskrá skal fylgja umsókninni. Ekki er tekið við umsóknum í gegnum tölvupóst.
3. Umsókn gildir frá þeim degi sem sótt er um og ekki er um afturvirkann afslátt að ræða.
4. Foreldri er skylt að tilkynna sveitarfélaginu þegar í stað um breytingar á högum sínum sem áhrif geta haft á rétt hans til afsláttar.

f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps,

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri